

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 42/2011

2011/EES/37/36

frá 1. apríl 2011

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 126/2010 frá 10. nóvember 2010 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/115/ESB frá 23. febrúar 2010 um breytingu á II. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/53/EB um úr sér gengin ökutæki ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 32e (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/53/EB) í XX. viðauka við samninginn:

„– **32010 D 0115:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/115/ESB frá 23. febrúar 2010 (Stjtið. ESB L 48, 25.2.2010, bls. 12).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2010/115/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 2. apríl 2011, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 1. apríl 2011.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

starfandi formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 58, 3.3.2011, bls. 84, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 12, 3.3.2011, bls. 29.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 48, 25.2.2010, bls. 12.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.